

## Ungmennaráðsfundur 03.02.25

### Fundarboð

#### Dagskrá fundar:

1. Mál síðasta fundar rædd
2. Vilja ungmennaráðs – erindi til sveitastjórnar.

Fundur settur 15:17, viðstödd eru Dalrós og Andri Berg, og Kristín Gyða varamaður fyrir Anítu Ósk sem var fjarverandi.

#### 1. Fjölbreyttari hugmyndir.

Í upphafi fundar var lauslega farið yfir fundargerð síðasta fundar til að halda áfram með umræðuna. Ritari kynnir nefndinni að í vor geta þau borið erindi til sveitastjórnar og hvetur þau til að velta vöngum yfir og ræða sín á milli, á milli ungmennaráðsfunda, hvað það vilja hafa áhrif á. Þau leggja til að gefa orðið og halda opin hugmyndafund, til að gera vettvang fyrir alla að koma hugmyndum sínum á framfæri. Sá fundur væri opinn öllum en sérstaklega velkomin eru ungmenni fædd frá 2011 – 2005. Markmiðið væri að skapa vettvang fyrir fleiri en meðlima ungmennaráðs til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif í samfélaginu.

#### 2. Fleiri störf fyrir ungmenni.

Ungmennaráð telur mikilvægt að fleiri störf séu í boði fyrir unglinga og ungmenni. Um sé að ræða nánast eingöngu störf í Krónunni og í IceWear, en ekki nógu mörg fyrir alla sem vilja vinna. Þau velta fyrir sér hvar umræðan stendur varðandi ísbúð í þorpið en þau segja það vera dæmi um vinnustað sem ungmenni vinna mikið á í öðrum sveitarfélögum.

#### 2. Framtíð félagsmiðstöðvar.

Umræðan heldur áfram varðandi framtíðarsýn á húsnaði félagsmiðstöðvar. Ungmennaráð hefur tvær tillögur með úrbætur í húsnaðismálum, annars vegar að setja upp gámahús líkt og nýja líkamsræktin nema stærra eða framkvæmdir í Leikskálum um að hagræða svæðið austan við eldhúsið, þar sem gömlu búningasklefnir eru. Hvort að þar sé hægt að taka niður vegg og brjóta niður í kjallara til að gera eitt stórt rými. Ritari spyr þau út í mögulega staðsetningu gámahúsa fyrir félagsmiðstöðina og ungmennaráð er sammála um að það ætti að vera á skólasvæðinu.

#### 3. Úrbætur í Víkurskóla.

Ungmennaráð vill sjá úrbætur á húsnaði Víkurskóla. Þau segja leka vera í veggjunum og í þakgluggum. Þau halda að það sé mygla í horni í einni skólastofunni. Ekkert virðist hafi verið endurnýjað eða uppfært í skólanum, og þeim finnst í kjölfarið allt vera úrelt. Þau tala um að þeim finnst rýmin illa nýtt og að þau t.d. nýti ekki það sem á að vera setustofa fyrir þau því að það er mikil umferð kennara að fara inn á vinnusvæði kennara.

### 3. Meiri fjölbreytni í íþróttagreinum.

Umræður um hvort það sé hægt að auka íþróttþjálfurum og greinum innan ungmennafélagsins. Þau eru ánægð með nýjustu vendingar í fjálsíþróttatímum en þar hefur bæst við þjálfari.

Fundi slitið 16:21